



**Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík**

Reykjavík 9. apríl 2018

Varðar: Gervigras á aðaleikvanginn í Víkinni

Samkvæmt samkomulagi Knattspyrnufélagsins Víkings og Reykjavíkurborgar á að koma til um það bil 70 milljóna króna fjárveiting vegna endurgerðar og lagfæringar á grasæfingasvæði félagsins í Víkinni nú í vor.

Í stað þess að þetta fjármagn verði notað til þess að endurgera og lagfæra grasæfingasvæðið þá er það skýr ósk félagsins að þessi fjárveiting verði notuð upp í kostnað við að setja fullkomið gervigras á aðalvöll félagsins haustið 2018, eða strax að loknu keppnistímabilinu, með tilheyrandi lýsingu, hitalögnum, vökvunarbúnaði og girðingum í kringum völlinn.

Er þetta niðurstaða félagsins eftir ítarlega skoðun og samtal innan félagsins síðustu vikur.

Virðingarfyllst,

F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings

Björn Einarsson
Formaður